

Kynning á reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu: Aðgreining húsnæðis og þjónustu

Á ráðstefnunni “Allir þurfa þak yfir höfuðið” 14. apríl 2015

Jarprúður Þórhallsdóttir

Reglugerðin var sett 29. desember 2010 (nr. 1054/2010)

- ▶ Er útfærsla á lögbundnum skyldum sem felast í lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 með síðari breytingum.
- ▶ Í markmiðsgrein laganna stendur: “Við framkvæmd laga þessara skal tekið mið af þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem íslensk stjórnvöld hafa gengist undir, einkum **samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.**”
- ▶ Varðar rétt þeirra sem eru orðnir 18 ára.
- ▶ Miklar breytingar frá eldri reglugerð.

Úr eldri reglugerð nr. 296/2002 – felld úr gildi með nýrri reglugerð

Gekk út á búsetuformin. Kostirnir sem stóðu til
boða þá:

- ▶ A. Íbúðir.
- ▶ B. Íbúðir með sameiginlegri aðstöðu.
- ▶ C. Sambýli.
- ▶ D. Áfangastaðir.
- ▶ E. Vistheimili.
- ▶ F. Heimili fyrir börn.

Ekkert um búsetuform í nýrri reglugerð.

Í stíl við eldri reglugerð

- ▶ “Manni finnst bara að maður eigi að gera eitthvað hvort sem manni líkar betur eða verr. Bara eins og allir fatlaðir eiga að vera sko, bara að við erum hérna kindur sem erum kannski bara númeraðar ... og eigum bara að vera í þessum dilk.”
 - ▶ (Þátttakandi í rannsókninni Önnur skynjun – ólík veröld).

Í markmiðsgrein reglugerðar

- ▶ Þjónustan skal vera einstaklingsbundin, heildstæð og sveigjanleg. Skal hún veitt með það að markmiði að efla vald fólks yfir aðstæðum sínum og lífi, styrkja sjálfsmynd þess, sjálfstraust, félagslega stöðu, sjálfsvirðingu og lífsgæði.

Innihald reglugerðar

Ferill umsóknar og tímamörk

Mat á þjónustuþörf

Samningur

Einstaklingsbundin þjónustuáætlun

Framkvæmd þjónustu

Endurmat og eftirlit

Húsnæði

Rekstur og kostnaðarhlutdeild.

4.gr. Umsókn og mat

Skrifleg umsókn send til lögheimilissveitarfélags.
Sveitarfélag metur þörf fyrir stuðning í samráði við hinn fatlaða einstakling og aðstandanda/ talsmann, eftir atvikum.

Það mat skal liggja fyrir innan **tveggja mánaða** frá því að umsókn berst.

- ▶ Niðurstöðuna skal kynna fyrir umsækjanda eigi síðar en **einum mánuði** eftir að hún liggur fyrir.
- ▶ Umsóknir gildar eftir **16 ára aldur**.
- ▶ Þjónusta kemur ekki til framkvæmda fyrr en eftir að **18 ára aldri** er náð.

5. gr. Mat á þörf fyrir þjónustu og sérstakan stuðning

- ▶ Sé niðurstaða matsins sú að þörf umsækjanda fyrir þjónustu sé önnur eða **víðtækari en veitt er samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga skal teymi fagfólks meta heildstætt sérstaka stuðningsþörf umsækjanda og hvernig megi koma til móts við óskir hans. Teymið skal nota verklag og viðmiðanir sem tryggja að stuðningsþörf sé metin með samræmdum heildstæðum hætti á landsvísu í samráði við umsækjendur og aðstandendur.**

Niðurstaða matsins

- ▶ Niðurstaða teymisins skal liggja fyrir **eigi síðar en þremur mánuðum** eftir að umsókn berst teyminu. Teymið sendir niðurstöðurnar til þeirra er málið varðar, þ.e. **umsækjanda**, félagsþjónustu þess sveitarfélags þar sem umsækjandi á lögheimili og annarra rekstraraðila þar sem það á við. Þjónustuaðili tekur ákvörðun um hversu mikil þjónusta skuli veitt og hvert fyrirkomulag hennar verði **í samráði við umsækjendur eða aðstandendur**.

Í 5. gr. laga um málefni fatlaðs fólks

- ▶ Sveitarfélög skulu starfrækja teymi fagfólks sem metur heildstætt þörf fatlaðs einstaklings fyrir þjónustu og hvernig koma megi til móts við óskir hans.
- ▶ Teymin skulu hafa samráð við einstaklinginn við matið og skal það byggt á viðurkenndum matsaðferðum.

Tímarammi samkvæmt reglugerð – samantekt

1. Frá því umsókn er send inn og mat liggur fyrir um þjónustupörf og hvort þörf sé á sérstökum stuðningi = 2 mánuðir.

2. Niðurstaðan kynnt innan 1 mánaðar.
Almennt mat = hámark 3 mánuðir

3. Mat teymis á þörf fyrir þjónustu og sérstakan stuðning = 3 mánuðir.

Hámark 6 mánuðir frá umsókn þar til þörf fyrir þjónustu og sérstakan stuðning liggur fyrir.

Í 6. gr. reglugerðar

- ▶ Miðað skal við að gengið sé frá samningi um þjónustu innan **12 mánaða** frá því að umsókn berst sveitarfélagi.
- ▶ Gangi það ekki skal þjónustuaðili tilkynna umsækjanda um það og undirbúa gerð nýs samnings.

Skýrt að frumkvæðið í vinnslu málsins liggur hjá þjónustuveitanda.

Ríkisendurskoðun skýrsla 2010

- ▶ 7. liður í tillögum: Móta verður reglur um hámarksbiðtíma eftir þjónustu.

Ríkisendurskoðun lagði áherslu á að félags- og tryggingamálaráðuneyti mótaði reglur um hámarksbiðtíma eftir þjónustu og sæi til þess að fyrir lægju upplýsingar um lengd biðtíma hjá öllum þjónustuaðilum.

Viðbrögð við skýrslu Ríkisendurskoðunar 2010

- ▶ Fyrirnefndur tímarammi settur í reglugerðina og skilgreint verklag með tilliti til verkþátta – hvaða tímarammi ætti að gilda um hvern og einn verkþátt.
- ▶ Í júní 2014 óskaði Hagstofa Íslands sérstaklega eftir upplýsingum um biðtíma eftir þjónustu þegar hún leitaði upplýsinga um aðra þjónustu sveitarfélaga við fatlað fólk.

Eftirfylgniskýrsla

Ríkisendurskoðunar 2014

- ▶ Ríkisendurskoðun ítrekar ekki ábendingu nr. 7 því reglugerð nr. 1054/2010 setur fram kröfur um hámarksbiðtíma eftir þjónustu og Hagstofa Íslands safnar upplýsingum um biðtíma eftir þjónustu.
- ▶ Hins vegar hvetur stofnunin velferðarráðuneyti til að fylgjast vel með að sveitarfélögin uppfylli settar kröfur og grípa til aðgerða ef þörf krefur.

“Grípa til aðgerða ef þörf krefur”

- ▶ Réttindagæslumenn verða oft vitni að því að ekki er farið eftir reglugerðinni. Eftirfarandi rætt í hópi réttindagæslumannanna en þó ekki algilt.
- ▶ Starfsfólk í félagsþjónustu:
 - Virðist oft ekki þekkja reglugerðina og verklagið um meðhöndlun umsókna.
 - Og/eða hefur ekki fyrirmæli um að fara eftir henni.
- ▶ Dæmi um svör: Engin úrræði til og verða ekki á næstunni – ekkert hægt að segja um hvenær viðkomandi fái þjónustu.

Í 6. gr. Samningur um þjónustu, frh.

- ▶ Þess skal gætt að sjálfsákvörðunarréttur fólks sé virtur. Geti einstaklingur ekki talað fyrir sig sjálfur skal leita allra leiða til að öðlast skilning á því hver vilji hans er og í því skyni leitað til þeirra sem þekkja hann best. Þess sé gætt að viðkomandi njóti stuðnings aðstandanda eða talsmanns við gerð samningsins.

7. gr. Einstaklingsbundin þjónustuáætlun

- ▶ Fatlað fólk sem hefur þörf fyrir viðvarandi og fjölbreytilegan stuðning á rétt á að gerð sé einstaklingsbundin þjónustuáætlun fyrir það.
- ▶ Þjónustuáætlunin felur í sér skýr markmið og skal taka til útfærslu stuðnings við alla þætti lífsins – heildiræn.
- ▶ **Ath.** Taka skal mið af samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks

9. gr. Endurmat og eftirlit

- ▶ Eigi sjaldnar en **einu sinni á ári skal sá sem nýtur þjónustunnar** fá tækifæri til að fara yfir og endurskoða þjónustuáætlunina og meta framkvæmd hennar með þjónustuaðilum.

- ▶ Aðgreining húsnæðis og þjónustu. Hvað segja lögin og reglugerðin enn frekar um það?

Aðgreining húsnæðis og þjónustu

- ▶ **Lög um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 með síðari breytingum**
- ▶ **5. gr.**
- ▶ **Fatlaður einstaklingur á rétt á þjónustu þar sem hann kýs að búa.**

Aðgreining húsnæðis og þjónustu

19. gr. Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks:

- ▶ Að lifa sjálfstæðu lífi og án aðgreiningar í samfélaginu.

Til þess að uppfylla þessa grein, þarf m.a. að tryggja:

- Að fatlað fólk hafi tækifæri til þess að velja sér búsetustað og hvar og með hverjum það býr, til jafns við aðra, og að því sé ekki gert að eiga heima þar sem tiltekið búsetuform ríkir.

Aðgreining húsnæðis og þjónustu

- ▶ 8. gr. reglugerðar
- ▶ Framkvæmd þjónustu á heimilum fatlaðs fólks
- ▶ Fólk sem nýtur stuðnings samkvæmt reglugerð þessari skal eiga rétt á stuðningi við daglegt líf hvar sem það býr eftir því sem við verður komið.

Grundvallarbreyting hér frá fyrri reglugerð

- ▶ Einstaklingar sem búa í foreldrahúsum eða þar sem þeir hafa kosið að búa eiga núna rétt á þeim stuðningi sem þeir þurfa við alla þætti daglegs lífs.
- ▶ Ekki bundið við liðveislu eða frekari liðveislu.
- ▶ Þarf að kynna betur fyrir notendum þjónustu og talsmönnum þeirra. Og þeim sem veita þjónustu.
- ▶ Dæmi: Útskriftarnemar úr framhaldsskóla.

8. gr. Framkvæmd þjónustu á heimilum fatlaðs fólks

- ▶ Þjónustuaðilar og rekstraraðilar **bera ábyrgð á því að þjálfun starfsmanna sé ávallt í samræmi við þarfir þeirra sem njóta stuðnings samkvæmt reglugerð þessari.**

9. gr. Endurmat og eftirlit, frh.

- ▶ Reglulegt eftirlit skal haft með þeirri þjónustu sem veitt er samkvæmt reglugerð þessari, svo sem með gæðamati og könnun meðal þeirra sem njóta þjónustunnar. Nákvæm leiðsögn um framkvæmd þessa eftirlits skal tryggð og samræmd fyrir landið. Velferðarráðuneytið setur starfsreglur, í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga og hagsmunasamtök, um árlegt innra og ytra eftirlit, fyrirkomulag þess og hversu oft eftirlitið fer fram. Innra eftirlit er á ábyrgð og kostnað þjónustuaðila. Ytra eftirlit er á ábyrgð og kostnað velferðarráðuneytis.

- ▶ Húsnæðisúrræði
- ▶ Rekstrarkostnaður
- ▶ Íbúasjóðir
- ▶ Húsnæði, íbúðir

14. gr. Húsnæði. Íbúðir, frh.

- ▶ Íbúðirnar skulu ekki vera fleiri en **fjórar til sex** ef um er að ræða heimili með sameiginlegri aðstöðu.

Kærar þakkir !